

4. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022. Haldinn miðvikudaginn 23. janúar kl.15:00 á gámasvæðinu og skrifstofu Hrunamannahrepps.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir, Unnsteinn Eggertsson og Bjarni A. Hjaltason

Einnig sátu fundinn Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, Óskar Rafn Emilsson frá áhaldahúsinu, Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti

Dagskrá:

1. **Gámasvæðið. Skoðunarferð og þróun svæðisins. Tómas Þórir og fulltrúi áhaldahúss mæta ásamt oddvita og sveitarstjóra.**
2. **Endurskoðun á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.**
3. **Innleiðing á nýju flokkunarmöguleikum.**
4. **Fræðsla til starfsmanna, íbúa, fyrirtækja og frístundabyggða**
5. **Framtíð grenndarsvæða**

1. Gámasvæðið. Skoðunarferð og þróun svæðisins.

Undir liðnum mætti Tómas Þórir Jónsson.

Jón og Tómas fræddu um stöðuna á gámasvæðinu. Upp er komin sú staða að SORPA er búinn að loka á urðun á sorpi frá suðurlandi og þarf því að tryggja það að gámasvæðið þjóni sem best þeim tilgangi sem allsherjar flokkunar stöð. Huga þarf að því að breyta opnunartímanum og hafa mönnum á meðan opnunartíma stendur til að tryggja að sorpið skili sér í rétta flokka. Rétt flokkun tryggir sem ódýrasta losun úrgangs og kostur er. Koma þarf af stað vinnu sem fyrst við að undirbúa endurskipulagningu og hönnun á svæðinu til að byggja það upp til framtíðar til þess að flokkun verði sem þægilegust.

2. Endurskoðun á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

Jón kynnti breytingar að samþykktum varðandi meðhöndlun úrgangs. Nefndin felur Jóni að uppfæra samþykktir í samræmi við umræður á fundinum.

3. Innleiðing á nýju flokkunarmöguleikum.

Búið að keyra út allar brúntunnur, flokkunarbækling og nýjar merkingar voru settar á blátunnuna í leiðinni. Verið að koma upp flokkunarbörum inná á stofnanir frá hreppnum og koma upp snyrtilegu gámaskýlum útivið við allar eignir hreppsins. Þó nokkrir afþökkuðu brúntunnuna sem taka að sér að koma lífrænum úrgangi frá sér á annan hátt. Heldur drógst að koma þessu út en það varð vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Nefndinn bendir fólki á að safna gleri sérstaklega og koma með inná gámasvæðið.

4. Fræðsla til starfsmanna, íbúa, fyrirtækja og frístundabyggða.

Óskir hafa komið fram um að hafa kynningu á nýju kerfi og leggur umhverfisnefnd áherslu að komið verði á kynningafund á sem fyrst fyrir starfsmenn Hreppsins, íbúa, fyrirtæki og sumarhúsaáðila. Leggur nefndin til að fundirnir fari fram í vikunni 4.- 8. febrúar 2019

5. Framtíð grenndarsvæða

Loka þarf á að það sé alveg frjálst aðgangur á grenndarsvæðum. Flokka þarf allt sorp í hreppnum og koma á rétt svæði og þarf því að endurhugsa þá nálgun sem verið hefur á málinu. Koma þarf upp breyttum grenndarsvæðum í framsveitinni, Flúðahverfi og við helstu sumarhúsaahverfum sem taka við almennri flokkun.

Fundi slitið 18:15